

Excel Myndritin þurfa ekki að líta nákvæmlega eins út og hér er sýnt.

1. Útbúið tvö myndrit í Excel.

Myndrit 1: Hlauparinn

Setjið svæðið **A3** til **B13** í blokk og útbúið myndrit.

Insert – Scatter

Scatter with Smooth Lines and Markers

(Setja inn – Punktarið – Punktur og ávalar línur).

Skrifið fyrirsögn fyrir ofan myndritið og texta við ása.

Breytið gildum á ásum:

Smellið á ásinn og farið í **Format – Format Selection**


Axis Options og breytið eins og sést hér til hliðar.

Hliðarás:

Hafið hæsta gildi **1000** og látið tölur hlaupa á **100**

Neðri ás:

Hafið hæsta gildi **200** og látið tölur hlaupa á **20**



Myndrit 2: Hreyfing hlutar

E3 til F8 Útbúið myndrit á sama hátt og myndritið

yfir þúsund metra hlaupið.

Hafið hæsta gildi á neðri ás 10

og látið tölur hlaupa á 1.

Útlitsmótið myndritin og vistið.

2. Farið í **Word**-skjalið. Færið myndritin (eitt í einu) yfir í Word-skjalið með tengingu á milli skjalanna.
3. Miðjið myndritin lárétt á síðuna.
4. Mótið Word-skjalið og setjið haus og fót á það.
5. Vistið bæði Word- og Excel-skjalið.

04linurit

Sýnishorn


Hlauparinn

Fylgst er með hlaupara sem tekur þátt í 1000 metra hlaupi. Tímaverðir standa með 100 metra millibili og þegar hann hleypur fram hjá gefa þeir upp tímann sem liðinn er frá því hlaupið hófst.

Allar niðurstöður eru skráðar í töflu og síðan er sett upp línurit yfir hlaupið. Þannig er hægt að skoða feril hlaupsins frá ýmsum hliðum og svara spurningum eins og:

- Var hraðinn jafn allt hlaupið?
- Hvenær hjóp hlauparinn hraðast?
- Hvenær hjóp hann hægst?

Slík vinnubrögð geta verið gagnleg þegar gerð er athugun sem þessi. Það er mun fljótlegra að lesa úr töflum og línurítum en að lesa langan texta sem hefur að geyma sömu upplýsingar.



Hreyfing hlutar

Þegar hreyfing hluta er athuguð eru niðurstöður mælinga oft færðar í hraða-tíma línurit. Á línurítinu er hægt að sjá hraða hlutarins á hverjum tíma, bera saman hraða á ólíkum tímabilum o.s.frv.

Hér fyrir neðan er línurit sem gert var um hreyfingu hlutar.



Eins og sést á línurítinu var hraðinn ekki jafn. Hann var mestur á síðustu tveimur sekúndunum, þar er ferillinn brattastur.